



Reykjavík, 20. nóvember 2019
2019100011
6.2.0

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Frístundakortið

Á fundi borgarstjórnar 1. október 2019 var vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs eftirfarandi tillögu:

"Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að frístundakortið verði einungis notað í samræmi við skilgreint markmið þess og tilgang. Þar með verði afnumið skilyrði að til þess að geta sótt um aðra fjárhagsaðstoð, þ.m.t. briggja mánaða skuldaskjól eða afskrifti vanskila, verði foreldri/skulðari fyrst að nýta rétt til frístundakorts skv. greinum 16a og 16b í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og reglum um verklag vegna vanskila foreldra er varðar þjónustu við börn. Hugmyndafræðin að baki frístundakorti tengist ekki á neinn hátt erfiðleikum foreldra að greiða fyrir frístundaheimili hvað þá greiðslu skulda eða afskriftir vanskila foreldra við borgina. Þvert á móti er markmið og tilgangur frístundakortssins að: Öll börn og ungingar í Reykjavík 6-18 ára geti tekið þátt í uppyggilegu frístundastarfí óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum foreldra. Árið 2009 var samþykkt á fundi borgarráðs að unnt verði að greiða fyrir frístundaheimili með frístundakortum. Sú ákvörðun gengur einnig í berhögg við markmið og tilgang frístundakortssins. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð og fjölbreytni í iðkun íþróttá-, lista- og tómstundastarfsemi. Að spyrða rétt barns til frístundakorts við fjárhagserfiðleika og umsókn foreldra um fjárhagsaðstoð og skuldaskjól eða nota það sem gjaldmiðil upp í greiðslu vegna nauðsynlegrar dvalar barns á frístundaheimili er brot á rétti barnsins."

Íþróttá- og tómstundasvið setti ekki þessar reglur og getur því ekki breytt þeim og vísar tillögunni til velferðarráðs.

Ómar Einarsson.